

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2008**

**Greiðsluuppgjör** ríkissjóðs eftir fyrstu sjö mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 26,8 ma.kr. innan ársins, sem er 10,9 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur ársins hækka um 12 ma.kr., en gjöldin um 34 ma.kr. milli ára. Útkoman er engu að síður 15,4 ma.kr. hagstæðari heldur en gert var ráð fyrir. Tekjur hækka um 7 ma.kr. umfram áætlun og gjöldin eru um 9 ma.kr. innan áætlunar. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 35,5 ma.kr., en hann var neikvæður um 22,4 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Skýringin á þessum viðsnúningi er sá að í fyrra keypti ríkissjóður hlut tveggja sveitarfélaga í Landsvirkjun fyrir 30 milljarða, auk þess sem veitt var 44 ma.kr. til styrkingar á eiginfjástöðu Seðlabanka Íslands. Lántökur aukast um 60 ma.kr. milli ára og jókst handbært fé um hátt í 100 ma.kr. það sem af er árinu.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júlí 2004-2008**

	Í milljónum króna				
	2004	2005	2006	2007	2008
Innheimtar tekjur	150 429	185 085	215 509	252 998	264 163
Greidd gjöld	164 139	180 985	178 257	203 826	237 062
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-15 428</b>	<b>4 100</b>	<b>37 252</b>	<b>49 172</b>	<b>27 101</b>
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-6 136	- 53
Breyting viðskiptahreyfinga	577	496	- 752	-5 248	- 201
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-16 005</b>	<b>4 596</b>	<b>36 500</b>	<b>37 788</b>	<b>26 847</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>1 840</b>	<b>11 206</b>	<b>-2 383</b>	<b>-60 165</b>	<b>8 603</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-14 165</b>	<b>15 802</b>	<b>34 116</b>	<b>-22 377</b>	<b>35 450</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-29 142</b>	<b>-33 343</b>	<b>-35 088</b>	<b>-26 465</b>	<b>-37 941</b>
Innanlands	-4 139	-14 000	-12 215	-12 266	-22 656
Erlendis	-25 004	-19 342	-22 873	-14 199	-15 285
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-4 375</b>	<b>-2 250</b>	<b>-2 310</b>	<b>-2 310</b>	<b>-2 310</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður, brúttó</b>	<b>-47 683</b>	<b>-19 790</b>	<b>-3 282</b>	<b>-51 152</b>	<b>-4 801</b>
<b>Lántökur</b>	<b>39 386</b>	<b>13 305</b>	<b>19 735</b>	<b>43 292</b>	<b>103 376</b>
Innanlands	16 127	8 956	12 262	40 171	77 775
Erlendis	23 259	4 349	7 473	3 121	25 601
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-8 296</b>	<b>-6 486</b>	<b>16 453</b>	<b>-7 860</b>	<b>98 575</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs á fyrstu sjö mánuðum þessa árs námu rúmlega 264 ma.kr. sem er aukning um rúma 11 ma.kr. frá sama tíma árið 2007 eða um 4,4% að nafnvirði. Tekjuáætlun ársins gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu rúmlega 257 ma.kr. á þessum tíma og eru þær því um 7 ma.kr. yfir áætlun. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 241 ma.kr. sem samsvarar 5,5% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur

almennt verðlag hækkað um 8,6% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 2,8% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur námu um 21 ma.kr. og jukust um 20% frá sama tímabili í fyrra en þær samanstanda einkum af vaxtatekjum og sölutekjum af vöru og þjónustu. Þá var eignasala ríkissjóðs óbreytt í júlí og nemur því rúmlega 2 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 95 ma.kr. sem er aukning um 9,9% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga tæplega 54 ma.kr. og jókst um 7,0% að nafnvirði á milli ára. Tekjuskattur lögaðila nam rúmlega 15 ma.kr. og jókst um 5,6% frá sama tíma árið áður. Skattur af fjármagnstekjum nam 26 ma.kr. og jókst um 19,3% að nafnvirði á milli ára en innheimta hans fer að miklu leyti fram í janúar ár hvert. Innheimta eignarskatta nam 5 ma.kr. sem er samdráttur upp á 20,6% á milli ára. Stimpilgjöld, sem eru um 80% eignarskattanna, drógust saman um rúman 1 ma.kr. á tímabilinu eða um 23,2% en þess má geta að ný lög um afnám stimpilgjalda af lánum vegna fyrstu íbúðakaupa tóku gildi 1. júlí síðastliðinn.

Innheimta almennra veltuskatta gefur ágæta mynd af þróun innlendra eftirspurnar. Hún nam 111 ma.kr. frá janúar til júlí þessa árs og jókst um 2,8% að nafnvirði frá sama tíma árið áður en dróst hins vegar saman um 5,3% að raunvirði (miðað við hækkun vísitölu neysliverðs án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 8,7% á milli ára og hefur farið lækkandi síðustu sex mánuði eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði tæplega 80 ma.kr. á tímabilinu sem er 4,2% aukning að nafnvirði frá fyrstu sjö mánuðum ársins 2007 en 4,0% raunlækkun. Þá nemur raunlækkun virðisaukaskatts 4,7% á milli ára þegar litið er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mest nafnverðsáukning í sköttum á olíu og kílómetragjaldi (+4,3%) en mest nafnverðslækkun af vörugjöldum af bensíni (-3%). Tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda námum tæpum 4 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum tæpum 24 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 18,9% og hins vegar 6,3% á milli ára.



**Greidd gjöld** nema 237,1 ma.kr. og hækka um 33,3 ma.kr. milli ára, eða um 16,3%. Alþjóðlegir staðlar skipa ríkisútgjöldum í 11 málaflokka, en vægi einstakra málaflokka er mjög misjafnt. Hérlendis munar mestu um heilbrigðismál, eða 58,8 ma.kr. og hækkar sá málaflokkur um 5,6 ma.kr. milli ára, sem er hlutfallslega undir meðaltali, eða 11%. Næst mest vega greiðslur til almannatrygginga og velferðarmála, eða 52,9 ma.kr. og hækka um 7,5 ma.kr. milli ára. Greiðslur til almennrar opinberar þjónustu vega 35,7 ma.kr. og hækka um 6,2 ma.kr. milli ára. Efnahags- og atvinnumál, vega 35,2 ma.kr. og samtals vega þessir fjórir málaflokkar 77% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hlutfallslega er hækkunin mest hjá varnarmálum, en þar er um tiltölulega nýjan málaflokk að ræða.

**Lántökur** ársins nema 103,4 ma.kr. og hækka um rúma 60 ma.kr. milli ára. Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að auka útgáfur á stuttum ríkisbréfum, í því skyni að auka virkni skuldbréfa- og gjaldeyrismarkaðar. Það sem af er árinu hafa því lántökur ríkissjóðs aukist um 77,8 ma.kr. í formi ríkisbréfa, auk þess sem skammtímalántaka í erlendri mynt jókst um 25,6 ma.kr., á árinu.

### *Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí 2006-2008*

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>202 398</b>	<b>228 049</b>	<b>240 703</b>	<b>21,6</b>	<b>12,7</b>	<b>5,5</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>73 074</b>	<b>86 649</b>	<b>95 186</b>	<b>39,7</b>	<b>18,6</b>	<b>9,9</b>
Tekjuskattur einstaklinga	44 648	50 245	53 764	20,4	12,5	7,0
Tekjuskattur lögaðila	14 426	14 604	15 418	164,3	1,2	5,6
Skattur á fjármagnstekjur	14 001	21 800	26 004	43,3	55,7	19,3
<b>Eignarskattar</b>	<b>5 806</b>	<b>6 403</b>	<b>5 082</b>	<b>-29,5</b>	<b>10,3</b>	<b>-20,6</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>99 534</b>	<b>108 058</b>	<b>111 075</b>	<b>16,3</b>	<b>8,6</b>	<b>2,8</b>
Virðisaukaskattur	68 842	76 422	79 607	17,7	11,0	4,2
Vörugjöld af ökutækjum	6 951	5 838	5 940	11,9	-16,0	1,7
Vörugjöld af bensíni	5 151	5 318	5 157	3,3	3,2	-3,0
Skattar á olíu	3 458	3 867	4 032	26,2	11,8	4,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6 383	6 672	6 768	3,4	4,5	1,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	8 750	9 942	9 571	25,8	13,6	-3,7
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>2 457</b>	<b>3 262</b>	<b>3 878</b>	<b>36,8</b>	<b>32,8</b>	<b>18,9</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>430</b>	<b>1 145</b>	<b>1 532</b>	<b>8,7</b>	<b>166,3</b>	<b>33,9</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>21 097</b>	<b>22 531</b>	<b>23 949</b>	<b>16,0</b>	<b>6,8</b>	<b>6,3</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>173</b>	<b>562</b>	<b>207</b>	<b>-31,5</b>	<b>225,6</b>	<b>-63,1</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>12 652</b>	<b>17 539</b>	<b>21 053</b>	<b>-30,1</b>	<b>38,6</b>	<b>20,0</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>287</b>	<b>6 848</b>	<b>2 200</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>215 509</b>	<b>252 998</b>	<b>264 163</b>	<b>16,4</b>	<b>17,4</b>	<b>4,4</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar–júlí 2006-2008**

	<b>Milljónir króna</b>			<b>Breyting frá fyrra ári, %</b>	
	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Almenn opinber þjónusta	23 872	29 527	35 699	23,7	20,9
þar af vaxtagreiðslur	7 326	10 106	11 696	37,9	15,7
Varnarmál	290	353	684	21,9	93,9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	7 727	9 302	11 545	20,4	24,1
Efnahags- og atvinnumál	23 469	26 037	34 185	10,9	31,3
Umhverfisvernd	1 922	2 166	2 229	12,7	2,9
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	235	256	308	8,7	20,4
Heilbrigðismál	48 141	53 168	58 817	10,4	10,6
Menningar-, íþróttá- og trúmál	8 131	9 408	10 156	15,7	8,0
Menntamál	20 879	23 072	25 593	10,5	10,9
Almannatryggingar og velferðarmál	38 670	45 372	52 881	17,3	16,5
Óregluleg útgjöld	4 920	5 164	4 964	5,0	-3,9
<b>Gjöld alls</b>	<b>178 257</b>	<b>203 826</b>	<b>237 062</b>	<b>14,3</b>	<b>16,3</b>